

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 6. febrúar 1979

um samræmingu laga aðildarríkjanna um rafföng með tiltekna varnartilhögun til notkunar á sprengihættustöðum

(79/196/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Gildandi löggjöf sem tryggja skal öryggi raffanga til notkunar á sprengihættustöðum er mismunandi í hinum ýmsu aðildarríkjum og hindrar þannig viðskipti. Þessi lög ætti því að samræma.

Í tilskipun ráðsins 76/117/EBE frá 18. desember 1975 um samræmingu laga aðildarríkjanna um rafföng til notkunar á sprengihættustöðum ⁽⁴⁾ er einkum lýst þeim aðferðum sem beitt er við skoðun sem þessi búnaður þarf að standast svo að flytja megi hann inn, setja á markað og nota eftir að hann hefur gengist undir þessar prófanir og fengið merki og merkingu svo sem mælt er fyrir um.

Í 4. mgr. 4. gr. tilskipunar 76/117/EBE er kveðið á um að tiltaka skuli í sértilskipunum þá samhæfðu staðla sem beita skal í öllum aðildarríkjum varðandi þennan búnað.

Í 5. gr. tilskipunar 76/117/EBE er kveðið á um að í sértilskipunum skuli skýrt tekið fram hvaða ákvæði er heimilt að laga að tækniframförum samkvæmt málsmeðferð sem kveðið er á um í 7. gr. þeirrar tilskipunar.

Í öðrum undirlið 1. mgr. 8. gr. og 5. mgr. 9. gr. tilskipunar 76/117/EBE er kveðið á um að afrit af samræmis- og skoðunarvottorðum skuli einungis senda aðildarríkjunum. Til þess að tryggður verði frjáls flutningur þess búnaðar sem

í hlut á þarf framkvæmdastjórnin að geta birt útdrátt úr þessum vottorðum í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*. Því er nauðsynlegt að framkvæmdastjórnin fái einnig send afrit af þeim.

Í 2. mgr. 8. gr. og 6. mgr. 9. gr. tilskipunar 76/117/EBE er kveðið á um hvenær afturkalla megi vottorð. Upplýsa ber aðildarríkin, framkvæmdastjórnina og hlutaðeigandi aðila um slíka afturköllun og ástæður fyrir henni.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Þessi tilskipun gildir um rafföng til notkunar á sprengihættustöðum og sem hafa varnartilhögun af einni eða fleiri af eftirtöldum gerðum:

- olúfylling „o“,
- yfirprýstingsumlykja „p“,
- sallafylling „q“,
- sprengitraust umlykja „d“,
- aukið öryggi „e“,
- sjálftrygg útfærsla „i“.

2. gr.

1. Aðildarríkjum er óheimilt að banna, á grundvelli öryggiskrafna um hönnun og framleiðslu raffanga, sölu, frjálsan flutning eða notkun í tilætluðum tilgangi á rafföngum sem ætluð eru til notkunar á sprengihættustöðum, séu þau í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar og tilskipunar 76/117/EBE að því er varðar öryggisákvæði þessarar tilskipunar.

2. Að því er varðar öryggisatriði sem ekki er fjallað um í þessari tilskipun skulu landsákvæði gilda áfram svo framarlega sem ekki eru til nein bandalagsákvæði.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. C 4, 6. 1. 1978, bls. 2.⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. C 131, 5. 6. 1978, bls. 84.⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. C 269, 13. 11. 1978, bls. 45.⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. L 24, 30. 1. 1976, bls. 45.

3. gr.

Í tilskipun þessari merkir „samhæfðir staðlar í skilningi 4. mgr. 4. gr. tilskipunar 76/117/EBE“ staðla sem taldir eru upp í I. viðauka þessarar tilskipunar.

4. gr.

1. Rafföng sem ætluð eru til notkunar á sprengihættu-stöðum skulu sæta málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 76/117/EBE. Þær upplýsingar sem sendar eru hinum samþykktu aðilum í sambandi við þessa málsmeðferð skal fara með sem trúnaðarmál.

2. Að því er varðar ákvæði þessarar tilskipunar skal ein-kennismerki bandalagsins sem getið er um í 1. mgr. 4. gr. og í 10. gr. tilskipunar 76/117/EBE vera í samræmi við II. viðauka; þetta merki skal setja á hvert eintak búnaðar þannig að það sé sýnilegt, læsilegt og þolið.

3. Að því er varðar búnað sem þessi tilskipun tekur til skulu aðildarríkin gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að banna notkun merkja eða áletrana ef líklegt er að villst sé á þeim og merkinu sem sýnt er í II. viðauka.

5. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 76/117/EBE er heimilt að breyta innihaldi samhæfðu staðlanna sem getið er um í I. viðauka og II. viðauka með því að beita þeirri málsmeðferð sem lýst er í 7. gr. tilskipunar 76/117/EBE.

6. gr.

1. Innan eins mánaðar frá útgáfudegi samræmis- eða skoðunarvottorðs skal senda afrit af því vottorði sem um ræðir til framkvæmdastjórnarinnar sem einnig skal fá, ef hún óskar þess, afrit af endanlegum tækniforskriftum fyrir búnaðinn og af skoðunarskýrslum varðandi prófanir eða athuganir sem fram hafa farið á búnaðinum. Fara skal með þessar upplýsingar sem trúnaðarmál.

2. Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að viðeigandi útdrættir úr þessum vottorðum séu birtir í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*

7. gr.

1. Ef sá aðili sem gefið hefur út samræmis- eða skoðunarvottorð afturkallar það af ástæðum sem tilteknar eru í 2. mgr. 8. gr. og í 6. mgr. 9. gr. tilskipunar 76/117/EBE skal hann tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um þá ráðstöfun. Ástæður fyrir afturkölluninni skulu nákvæmlega tilgreindar. Tilkynning um afturköllunina skal birt í samræmi við 2. mgr. 6. gr.

2. Afturköllun af þessu tagi og synjun um útgáfu samræmis- eða skoðunarvottorðs skal þegar í stað tilkynna hlutaðeigandi aðila með tilvísun til þeirra úrræða sem standa til boða samkvæmt gildandi lögum í aðildarríkjunum og þess frests sem gefinn er til að beita þessum úrræðum.

8. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg ákvæði til að fara að þessari tilskipun innan 18 mánaða frá birtingu hennar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að senda framkvæmdastjórninni texta þeirra laga sem þau samþykkja á því sviði sem tilskipun þessi nær yfir.

9. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 6. febrúar 1979.

Fyrir hönd ráðsins,

J. FRANÇOIS-PONCET

forseti.

I. VIÐAUKI

SAMHÆFÐIR STAÐLAR

Samhæfðir staðlar sem búnaður verður að samræmast, eftir því hvaða varnartilhögun er beitt, eru þeir Evrópu-
staðlar sem taldir eru upp í eftirfarandi töflu.

Evrópustaðlar

(samdir af CENELEC, 2, rue de Bréderode, PO Box 5, 1000 Brussel)

Númer	Titill	Útgáfa	Dagsetning
EN 50014	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: almennar reglur	1	Mars 1977
EN 50015	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: olíufylling „o“	1	Mars 1977
EN 50016	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: yfirþrýstingsumlykja „p“	1	Mars 1977
EN 50017	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: sallafylling „q“	1	Mars 1977
EN 50018	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: sprengitraust umlykja „d“	1	Mars 1977
EN 50019	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: aukið öryggi „e“	1	Mars 1977
EN 50020	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: sjálftrygg útfærsla „i“	1	Mars 1977

II. VIÐAUKI

EINKENNISMERKI BANDALAGSINS

b = 0.4 a
c = 0.25 a
e min = 0.03 a